

AUGLÝSING

36

24. marz

um breyting á reglugerð um holræsi á Hvammstanga nr. 169 21. okt. 1949.

3. gr. orðist svo:

Til að standast kostnað af holræsagerðinni og viðhaldi aðalræsa, ber hverjum húseiganda, sem hefur fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, eða átt kost á því skv. 1. og 2. gr., að greiða til hreppsins árlegt holræsagjald, sem ákveðst þannig:

- a. Fast gjald af hverju húsi kr. 100.00.
- b. Fast gjald af hverri íbúð umfram eina í húsi kr. 100.00.
- c. 5% af fasteignamatverði húseigna.

Samkomustaðir og verzlánir í íbúðarhúsum teljast ein íbúð hver.

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, er nemi tvöföldu árgjaldi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKTIR

37

26. marz

fyrir Sparsjóðinn Pundið, Reykjavík.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóðurinn Pundið. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar, til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjóni, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 5000.00 krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað minnst kr. 500.00 af ábyrgðarupphæð sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innláns-vexti sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru meðlimir í Filadelfíusöfnuðinum í Reykjavík eða í hliðstæðum söfnuðum Hvítasunnumanna utan Reykjavíkur. Ábyrgðarmenn skulu fæstir vera 40 og skulu minnst 30 þeirra búsettir í Reykjavík. Skal stjórninni skylt